

Framkvæmd verðkannana og útböð

vegna kaupa Kviku banka hf. á upplýsingatækniþjónustu

Samþykkt í september 2015 / Áætluð endurskoðun í október 2016 / Ábyrgðaraðill: Upplýsingatækni

1. Gildissvið

- 1.1 Verklagsreglur þessar gilda um kaup Kviku banka hf. (hér eftir „Kvika“ eða „bankinn“) á upplýsingatækniþjónustu þegar Reiknistofu bankanna hf. (hér eftir „RB“) er gefinn kostur á þátttöku í verkefnum, hvort heldur sem um er að ræða kaup á nýrri þjónustu, endurnýjun á þjónustu- eða rekstrarsamningi eða nýtt verkefni sem tengist upplýsingatækniþjónustu.
- 1.2 Tilgangur og markmið verklagsreglna þessara er að tryggja að leitað sé að hagkvæmni í kaupum bankans á upplýsingatækniþjónustu sem falla undir gildissvið verklagsreglnanna, að gætt sé jafnræðis við val á þátttakendum, að framkvæmd kaupanna sé á viðskiptalegum forsendum og um leið að verkefnin þjóni hagsmunum bankans og styðji við stefnu hans.

2. Framkvæmd

- 2.1 Kvika mun láta fara fram verðkönnun eða útböð vegna kaupa á upplýsingatækniþjónustu sem fellur undir gildissvið verklagsreglnanna. Ef það liggur fyrir að RB sé eini aðilinn sem getur veitt þá upplýsingatækniþjónustu sem Kvika hyggst kaupa, er bankanum heimilt að víkja frá verðkönnunum og útböð, en þarf að halda skrá um slík tilvik.
- 2.2 Samningstími þeirra samninga um verkefni sem falla undir gildissvið verklagsreglna þessara er að hámarki fimm ár, en heimilt er að framlengja slíka samninga um tólf mánuði í senn eftir að samningstíma þeirra lýkur, enda séu málaefnalegar ástæður fyrir þeirri framlengingu.

3. Verðkannanir

- 3.1 Við kaup Kviku banka hf. á upplýsingatækniþjónustu er að meginstefnu notast við verðkannanir.
- 3.2 Þegar verðkönnun er beitt við innkaup skal útbúin þarfalýsing sem tilgreinir m.a. þá þætti sem lagðir verða til grundvallar við val á þjónustusala. Þjónustusali þarf að uppfylla ákveðin skilyrði. Annars vegar skilyrði sem tengjast þeim sjálfum s.s. þekking, reynsla, fjárhagsleg staða, verktrygging eða annað sem nauðsynlegt er til að tryggja gæði verkefnis. Hins vegar skilyrði sem tengjast verkefninu sjálfu eða þjónustu t.d. gæðum, verði, tæknilegum atriðum, notagildi, rekstrarkostnaði, tæknilegri aðstoð, eftirþjónustu og afhendingartíma. Í þarfalýsingu verkefnis skulu þeir þættir tilgreindir sem bankinn telur mikilvæga fyrir viðkomandi verkefni eða þjónustu.

3.3 Í tengslum við verðkannanir gerir Kvika gátlista aðgengilegan fyrir þátttakendur í verkefni þar sem a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að lágmarki að koma fram í verðkönnun:

- Þarfagreining/kröfulýsing
- Matsviðmið við mat á hagkvæmasta tilboði og hvernig tilboð eru metin
- Upplýsingar um tengilið bankans
- Mat á því hvort þjónusta sé virðisaukaskattskyld og hvort verð skuli vera með eða án virðisaukaskatts
- Samningstími
- Lýsing á gögnum sem skilað skal með tilboði samkvæmt verðkönnun
- Tímafrestur um skil á tilboði samkvæmt verðkönnun

4. Útboð

4.1 Styðjist Kvika ekki við verðkönnun vegna kaupa á upplýsingatækniþjónustu getur bankinn staðið fyrir opnu eða lokuðu útboði. Útboð og skilmálar sem tengjast því skulu vera skýr og málefnaleg og með skilmálunum skal tryggja jafna stöðu bjóðenda. Framkvæmd útboðs skal vera í samræmi við lög nr. 65/1993 um framkvæmd útboða.

4.2 Útboð skal auglýsa í blöðum, útvarpi eða með öðrum almennum hætti þar sem fram kemur hvar og hvenær útboðsgögn eru til afhendingar.

4.3 Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í útboðsgögnum:

- Þarfagreining/kröfulýsing
- Lágmarksskilyrði sem bjóðendur þurfa að uppfylla
- Matsviðmið við mat á hagkvæmasta tilboði og hvernig tilboð eru metin
- Upplýsingar um tengilið bankans
- Trúnaðaryfirlýsing Kvikú
- Mat á því hvort þjónusta sé virðisaukaskattskyld og hvort verð skuli vera með eða án virðisaukaskatts
- Samningstími
- Hvort frávikstilboð sé heimilt
- Tímafrestur bjóðenda til að koma með athugasemdir
- Tímafrestur hvar og hvenær tilboðum skal skilað
- Tilboðsblað eða lýsing á hvaða gögnum skal skilað með tilboði
- Hvernig tilboðum skuli skilað
- Hvar og hvenær tilboð eru opnuð

5. Tengiliður

5.1 Tengiliður vegna framkvæmd verðkannana eða útboða vegna kaupa á upplýsingatækniþjónustu er forstöðumaður upplýsingatækni, sími 540-3200.